

Hluthafafundur Reginn hf.

Fundagerð:

Hluthafafundur Regins hf. var haldinn þann 4. desember 2012 kl. 15.00 í Hörpu tónlistar- og ráðstefnuhúsi, fundarsalnum Ríma, Austurbakka 2, 101 Reykjavík.

Fundarstörf:

1. Fundasetning og skipun fundastjóra:

Fundurinn hófst með að formaður stjórnar Elín Jónsdóttir setti fundinn. Stungið var upp á Helga Jóhannessyni hrl. sem fundastjóra og tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Helgi Jóhannesson tók við stjórn fundarins og skýrði svo frá að löglega væri til fundarins boðað og að mætt væri á hluthafafundinn fyrir 47,38% hlutafjár. Fundarstjóri úrskurðaði fundinn því lögmætan. Helgi Jóhannesson lagði til að Katrín Sverrisdóttir yrði kjörin fundaritari. Tillagan var samþykkt. Fundastjóri greindi frá því að til fundarins hefði verið boðað skv. 16. gr. samþykka félagsins með birtingu auglýsinga í dagblöðunum Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, heimasíðu Kauphallar og félagsins þann 13. nóvember 2012.

3. Dagskrá:

Dagskrá fundarins var tekin fyrir eins og hún var tilgreind í fundarboði.

Kosning tveggja stjórnarmanna.

Stjórnarmennirnir Fjóla Þ. Hreinsdóttir og Hjördís Halldórsdóttir hafa sagt sig úr stjórn félagsins og því er nauðsynlegt að kjósa nýja aðila til setu í stjórninni í þeirra stað.

Lagt er til að eftirgreindir aðilar sem gefið hafa kost á sér til setu í stjórn Regins hf. verði kosnir til setu í stjórninni fram að næsta aðalfundi félagsins:

Guðrún Blöndal, kt. 270360-3869
Benedikt Kristjánsson, kt. 190952-4879

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum

Seinni tillagan er um að gefa stjórn Regins heimild til þess að kaupa hlutabréf í félaginu. Tillaga lögð fram til samþykktar

Hluthafafundur í Reginn hf. haldinn þann 4. desember 2012 samþykkir með vísan til 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, að heimila stjórn félagsins á næstu þremur

árum að kaupa hlutabréf í félaginu sjálfu. Kaupverð bréfanna skal miðast við síðasta skráða dagslokagengi á markaði áður en samningur um hlutafjárkaupin er gerður. Ekki eru sett lágmark á heimild þessa hvað fjölda hluta varðar. Félagið og dótturfélög þess mega aldrei eignast fleiri hluti í sjálfu sér en lög bjóða, nú 10% af hlutafénu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Önnur mál:

Elín Jónsdóttir stjórnarformaður óskaði eftir að fá að taka til máls og bauð nýja stjórnarmeðlimi velkomna og þakkaði fráfarandi stjórnarmeðlimum fyrir sín störf í þágu félagsins. Að því loknu kom Helgi S. Gunnarsson upp í ræðustól og sagði frá kynningargögnum sem sett eru fram við árshlutauppgjör. Eins og aðilar hafa tekið eftir þá sendi félagið frá sér í tengslum við uppgjórið, kynningu á Q3. Það er nýjung og mun félagið reyna að leitast við að verða við óskum greiningardeilda og fjárfesta sem hafa óskað eftir að fá slík gögn.

4. Fundagerð:

Fundastjóri bar því næst upp tillögu um að honum og fundaritari yrði falið að ganga frá og undirrita fundagerð án þess að hún væri lesin upp fyrir fundinn. Tillagan var samþykkt og jafnframt tilkynnti fundastjóri að fundagerðin yrði aðgengileg fyrir fundarmenn á heimasíðu Regins hf., www.reginn.is.

Að þessu loknu sleit fundastjóri fundinum.

Fundastjóri:

Helgi Jóhannesson

Fundaritari:

Katrín Sverrisdóttir